

Erindi íbúaráðs Grafarvogs til umhverfis- og skipulagssviðs um umgengni og framtíð svæðis vestan við Bryggjuhverfi

Íbúaráð Grafarvogs óskar eftir upplýsingum um svæðið vestan við Bryggjuhverfið en á lóðinni / lóðunum eru nokkrar byggingar og tvö síló – auk hjólhýsa og húsbíla.

- Hvað hefur verið skipulagt á þessari lóð eða lóðum?
- Hvenær má ætla að einhverjar framkvæmdir hefjist?
- Hvað hefur verið ákveðið með sílóin – koma þau með að standa eða verða þau fjarlægð?

Íbúaráð tekur undir áhyggjur og ábendingar íbúasamtaka Bryggjuhverfis en eðlilega finnst íbúum þar dapurt að keyra árum saman fram hjá þessu svæði sem alls ekki er neinn sómi að – sjá meðfylgjandi myndir.

- Er möguleiki á því að hreinsa svæði sem allra fyrst og skerma það eitthvað af þannig að aðkoman að Bryggjuhverfinu verði snyrtilegri?

Síðan hefur dregist að húsbílar / hjólhýsi hverfi burt af svæðinu. Í upphafi var sagt að þessi byggð væri þarna til bráðabyggða og stefnt var að því að hún færi fyrir veturinn en enn er þessi byggð á lóðinni.

Hvenær er stefnt að því að þessi byggð fái annað og þá varanlegri samastað?

Með kveðju,

f.h. íbúaráðs Grafarvogs

Fanný Gunnarsdóttir, formaður.

